

NIÐURSTÖÐUR



MENNINGARGARLANDIÐ

2010

mótun

mennningarstefnu

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Niðurstöður – fjölmiðlar.....	5
Niðurstöður – íþrótta- og æskulýðsmál	7
Niðurstöður – listir	11
Niðurstöður – menningararfur og söfn.....	16
Lokaorð.....	19

Inngangur

Í þessari samantekt eru meginniðurstöður menningarþings sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hélt undir nafninu *Menningarlandið 2010 – mótun menningarstefnu*. Þingið fór fram þann 30. apríl 2010 að hóteli Loftleiðum. Verkefnisstjórn, sem í sátu Haukur F. Hannesson verkefnisstjóri, Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri, Kolbrún Halldórsdóttir forseti Bandalags íslenskra listamanna, Óskar Þór Ármannsson sérfræðingur, Guðný Helgadóttir deildarstjóri og Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir sérfræðingur, bar ábyrgð á skipulagi og framkvæmd verksins. Starfsmenn mennta- og menningarmálaráðuneytis tóku einnig þátt í framkvæmdinni, bæði sem borðstjórar og við greiningarvinnu á gögnum sem söfnuðust á þinginu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hóf á síðasta ári vinnu sem miðaði að því að varpa skýrara ljósi á stefnumótun í menningarmálum og huga að framtíð þessa málaflökks. Ráðuneytið réð Hauk F. Hannesson, doktor í listrekstrarfræði, til að gera úttekt og greiningu á núverandi stefnu í menningarmálum. Hann skilaði skýrslu um málið í desember 2009. Úttektin er því fyrsta skrefið í vinnu við stefnumótunina. Skýrslan sem nefnist „*Er til menningarstefna á Íslandi?*“ er á vef ráðuneytisins.

Menningarþingið, *Menningarlandið 2010 – mótun menningarstefnu*, var annað skrefið í vinnu ráðuneytisins við undirbúning á menningarstefnu og er mikilvægur hluti af stefnumótunarvinnunni. Á þinginu gafst öllum þeim sem áhuga höfðu á að leggja sitt af mörkum við mótun menningarstefnu tækifæri til að setja fram hugmyndir og hafa áhrif á framtíðina. Vinnan á málþinginu, sem fór fram með þjóðfundarsniði, var skipulögð þannig að allir þátttakendur væru sem virkastir og að hugmyndir og tillögur kæmu frá öllum málþingsgestum. Þátttaka á þinginu var mjög góð. Þingið sótti rúmlega 200 manns af öllu landinu úr breiðum hópi listamanna, menningarstjórnenda, stjórnarsýslufólks og annarra áhugamanna um menningarmál.

Eins og fram kemur í þessari samantekt var mörgum hugmyndum varpað fram á málþinginu sem munu nýtast við gerð menningarstefnunnar. Í samantektinni er þó einungis um að ræða greiningu og flokkun á þeim meginhugmyndum sem komu fram. Málþingið einkenndist af miklum og skapandi vinnuanda sem erfitt er að koma til skila í stuttri samantekt en hætt er við að þurrleg upptalning miðli ekki þeirri sköpun og hugarflugi sem fram fór. Vonast er til að niðurstöður menningarþingsins skili þeim meginstraumum sem þátttakendur málþingsins vildu leggja áherslu á og verði gott veganesti í áframhaldandi vinnu við gerð menningarstefnu.

Framkvæmd

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra setti þingið kl. 13:00. Þrjár kynningar voru í upphafi. Haukur F. Hannesson gerði grein fyrir núverandi menningarstefnu, Mennta- og menningarmálaráðherra fjallaði um Sóknaráætlun 20/20 og Gunnar J. Árnason, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum menningarneyslukönnunarinnar, *Menningarvoginni*. Að þeim loknum tóku við umræður á 25 borðum sem borðstjórar leiddu. Fjallað var um fjórar megin spurningar en við skráningu völdu þátttakendur málaflökk og fengu sendar viðeigandi spurningar. Málþingsstjóri var Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri. Menningarþinginu lauk kl. 16:30.

Umræður

Eftirfarandi spurningar voru ræddar:

1) Núverandi staða í stjórnýslu hins opinbera í menningarmálum varðandi

- fjölmiðla
- ípróttar- og æskulýðsmál
- listir
- söfn og menningararfinn

Hvað ætti að standa vörð um? Hvaða breytinga er þörf?

Ekki voru alltaf ljós skil á milli þess sem fólk taldi að standa þyrfti vörð um og þess sem þyrfti að breyta og því eru svörin oft þau sömu.

2) Næstu 10 árin

Hver ættu að vera helstu áhersluatriði hins opinbera í málefnum

- fjölmiðla
- ípróttar- og æskulýðsmála
- lista
- safna og menningararfsins

3) Hvert á að vera hlutverk

- fjölmiðla
- ípróttar- og æskulýðsmála
- lista
- safna og menningararfsins

í menningarlífi Íslendinga?

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir þeim meginatriðum sem komu fram í umræðuhópnum.

Þátttakendur

Heildarfjöldi 199 (67 karlar/132 konur)

Borðstjórar

Starfsfólk mennta- og menningarmálaráðuneytis
42 (13 karlar/konur 29)

Gögn:

	Fjöldi borða	Fjöldi þátttakenda	Þögn þankahrið		Næstu 10 árin		Umræða
			Standa vörð	Breyta	Áhersluatriði	Spjöld	
Listir	11	84 (27/57)	194 miðar	233 miðar	307	11	227
Menningararfur og söfn	7	60 (16/44)	127	159	219	7	157
Ípróttir- og æskulýðsmál	4	36 (15/21)	68	102	136	4	88
Fjölmiðlar	3	19 (9/10)	47	51	75	3	38

Núverandi staða í stjórnarsýslu hins opinbera í menningarmálum varðandi fjölmiðla. Hvað ætti að standa vörð um?

Á þremur borðum fór fram umræða um hlutverk fjölmiðla. Áberandi var hversu mjög málefni Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) voru rædd og var það væntanlega vegna þess að starfsfólk RÚV sótti þingið vel. Áhersla var lögð á að RÚV væri sjálfstætt gagnvart stjórn málaöflum og hagsmunaaðilum. Jafnframt að nauðsynlegt er að stofnunin fái fjárhagslegt svigrúm til að standa undir faglegri starfsemi. Áhersla var lögð á almennt sjálfstæði fjölmiðla og að viðhalda þyrfti mismunandi rekstrar- og eignarformi.

Fram kom að standa þyrfti vörð um íslenska menningu, listir, kvikmyndir og annað íslenskt efni auk fræðsluefnis í fjölmiðlum, einkum hjá RÚV sem hefur ríkar skyldur til að sinna íslenskri tungu og menningu. Umræðurnar snérust m.a. um efni fyrir ungt fólk og varpað var fram þeirri hugmynd að sett yrði á fót rás 3. Einnig var lögð áhersla á landshlutaútlit.

Núverandi staða í stjórnarsýslu hins opinbera í menningarmálum varðandi fjölmiðla. Hverju þarf að breyta?

Á þinginu komu fram margar tillögur um breytingar, m.a. að rekstrarformi RÚV yrði breytt og ohf. og nefskattur yrðu afnumin. Breyta þyrfti skipulagi og stjórn RÚV og ná fram meiri fagmennsku.

„Skilgreina betur hlutverk og markmið RÚV sem fjölmiðil í almannabágu og efla samvinnu RÚV við sjálfstæða framleiðendur.“

Þingfulltrúar töldu brýnt að eignarhald fjölmiðla yrði fjölbreyttara og meira gagnsæi í þeim efnum. Auka þyrfti traust almennings á fjölmiðlum og bæta menntun fjölmiðlafólks og efla gagnrýna hugsun. Koma ætti á öflugum fagsjóði til að styðja við blaða- og fréttamennsku.

Einnig kom fram tillaga um fleiri form á ríkisfjölmiðlum, t.d. netmiðil og spurt var:

„Af hverju bara útlit og sjónvarp sem unga fólk þar notar afar lítið? “

Laga þarf dreifikerfi fjölmiðla að nútímaháttum með háhraðatengingum við öll heimili.

„Opinbert dreifikerfi er eins og opinbert vegakerfi.“

Meira vægi menningarefnis í fjölmiðlum, helst 50% frá Evrópu.

„Fjölmiðlar þurfa að leggja áherslu á skýra stefnumörkun, vandað efni, vönduð vinnubrögð og vera greinandi – greina samfélagið, strauma og stefnur.“

Hver ættu að vera helstu áhersluatriði hins opinbera í málefnum fjölmiðla næstu 10 árin?

Lögð var megináhersla á að styrkja og efla alla fjölmiðla, aðallega RÚV. Stofnuninni beri að tryggja lýðræðisumræðu og fagleg vinnubrögð og táknmálstúlkun.

„RÚV fyrir alla!“

Fjölmiðlar sinni því hlutverki að efla gagnrýna hugsun og fjölmiðlalæsi meðal þjóðarinnar.

Það þarf að auka vitund fjölmiðla um hlutverk þeirra í samfélaginu, t.d. gagnvart menningu og tungu. Allir fjölmiðlar, einkum RÚV, sinni þeirri skyldu sinni að varðveita íslenskt menningarefni. Móta beri stefnu um íslensku sem rafrænt tungumál.

„Íslenska sem tölvumál.“

Jafnræðissjónarmiða (jafnt hlutfall karla og kvenna) verði gætt í öllum fjölmiðlum, sérstaklega hjá RÚV, í öllum málum m.a. fréttum, dagskrá og mannaráðningum. Fagfólk í stjórn RÚV.

Skýra og afmarka betur hlutverk RÚV sem vörð lýðræðis og menningar. Í þessu samhengi verði gætt að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, öryggismálum, lýðræðislegri umræðu og þátttöku almennings í samfélagsmótuninni.

Að RÚV stuðli betur að því að kynna íslenskt efni erlendis og gæti þess að kynna aðeins úrvalsefni. Auka gæði alls efnis, innlends og aðkeypts, og dagskrárstarfs hjá RÚV. Meira af evrópsku og íslensku efni í alla fjölmiðla. RÚV af auglýsingamarkaði.

Ríkið á að hafa eftirlit en ekki afskipti af fjölmiðlum og því beri að setja markvissari lög og reglur um fjölmiðla, einkum um eignarhald og upplýsingar um eigendur fjölmiðla. Auka þarf rannsóknir á íslenskum fjölmiðlum.

„Enga fjölmiðlakóna.“

Fram kom einnig í umræðunni að leggja skuli áherslu á fjárhagslegar úrbætur og er þar helst lögð áhersla á:

- Ríkisstyrkt dreifikerfi fyrir prentmiðla.
- Ríkið búi til styrkjakerfi fyrir fjölmiðla til að tryggja fjölbreytni.
- Ríkið sjái að auki til þess að stafræn dreifing efnis á hvert heimili sé tryggð og fyrir alla aldurshópa.
- Samræma virðisaukaskatt á öllu menningarefni, óháð miðlunarleiðum.
- Stofnanir ríkisins bjóði út alla útgáfu og miðlun og láti af útgáfu sjálfar.

Hlutverk fjölmiðla í menningarlífi Íslendinga

Fjölmiðlar eiga að mennta og uppfræða um öll svið mannlífs og menningar og lista. Þeir eiga að ýta undir menningarneyslu og menningarnautn.

„Þeir eiga að vera fræðandi, menntandi, upplýsandi – spegla samtímann.“

Fjölmiðlar eiga að vera til fyrirmyndar um íslenskt mál, útverðir íslenskar tungu og varðveita efni sitt, þ.e. íslenska menningu.

Fjölmiðlar eiga að tryggja fjölbreytni og heilbrigða samfélagsumræðu, vera þátttakendur í samfélagsmótuninni. Fjölmiðlar leggi áherslu á vandað efni, vönduð vinnubrögð, þeir eiga að vera greinandi – greina samfélagið, strauma og stefnur.

Fjölmiðlar eiga að veita aðhald, gagnrýna, vera spegill samfélagsins, allra Íslendinga ekki „elítisma“, gefa gott fordæmi og auka félagsþroska samfélagsins, þ.m.t. samræðumeninguna.

Fjölmiðlar eiga að vera vettvangur nýrra strauma í samfélaginu. Án fjölmiðla sést ekki menningarstarf eða listir. Vitundin um menninguna er mótuð af fjölmiðlum en það er ekki hlutverk fjölmiðla að gera okkur að sérfræðingum í íþróttum.

„Án fjölmiðla er menningarlífið nánast ósýnilegt – miðlun menningar fer fram á ýmsan hátt en að síðustu er vitundin um menninguna mótuð af fjölmiðlum.“

Íþrótt- og æskulýðsmál

Umræður um íþrótt- og æskulýðsmál fór fram á fjórum borðum. Þátttakendur voru með ólíkan bakgrunn, sumir með mikla reynslu af æskulýðs- og íþróttastarfi og aðrir með reynslu af öðrum menningarmálum. Á borðunum kom fram óánægja með að þáttur íþrótt- og æskulýðsmála væri lítill sem enginn í *Menningarvoginni* sem kynnt var í upphafi þingsins.

Núverandi staða í stjórnýslu hins opinbera í menningarmálum varðandi íþrótt- og æskulýðsmál. Hvað ætti að standa vörð um?

Umræðum um þessa spurningu má skipta upp í þrjú megin málefni:

1. skipulag og starfsemi málaflokksins innan **ráðuneytisins**,
2. **fjármagn** til málaflokksins og
3. starfsemi **frjálsra félagasamtaka** og sjálfbóðaliðastarf.

Ráðuneytið

Umræðan snerist mikið um verklag og aðferðir stjórnýslunnar. Á flestum borðum kom fram sú skoðun að standa þyrfti vörð um málaflokkinn og styðja betur við hann og töldu margir að staða málaflokksins væri veik innan núverandi stjórnkerfis.

„Íþrótt- og æskulýðsmál eru olnbogabörn menningar.“

Bent var á að faglega sé unnið í málaflokknum og að farið sé eftir íþrótt- og æskulýðslögum, allir þurfi að starfa eftir lögunum og mikilvægt sé að lögin séu ekki dauður bókstafur heldur séu rauði þráðurinn í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Margir tóku fram að standa þyrfti vörð um íþróttakennslu á öllum skólastigum og töldu íþróttakennslu standa höllum fæti gagnvart öðrum greinum skólakerfisins. Þá töldu þátttakendur einnig mikilvægt að standa vörð um rannsóknir um ungt fólk.

Fjármagn

Umræða um fjármagn var ekki megin umræðuefni borðanna en engu að síður vildu allir þátttakendur standa vörð um fjármagn til íþrótt- og æskulýðsmála. Bent var á að styðja þyrfti betur við íþróttasjóð og æskulýðssjóð.

„Standa þarf vörð um þá starfsemi sem er til staðar, það er vitað mál að erfitt er að bæta við, verja frekar það framboð sem fyrir er.“

Frjáls félagasamtök

Margir þátttakendur komu frá frjálsum félagasamtökum og þekktu því málaflokkinn og orðræðuna vel. Sjálfboðaliðastarf er samofið starfsemi frjálsra félagasamtaka og því skarast umræðan oft. Að mati þátttakenda er mikilvægt að tryggja sjálfstæði frjálsra félagasamtaka. Margar ábendingar komu fram um með hvaða hætti mætti gera það en fjármagn til þess að styrkja starfsgrundvöll frjálsra félagasamtaka var eitt af lykilatriðunum. Sjálfboðaliðastarf hvílir að mörgu leyti á traustum starfsgrundvelli félagasamtaka og sjálfboðaliðastarfið sjálft er oftast en ekki skipulagt af launuðum starfsmönnum samtakanna.

Núverandi staða í stjórnáslu hins opinbera í menningarmálum varðandi íþróttá- og æskulýðsmál. Hverju þarf að breyta?

Umræðum um þessa spurningu má skipta upp í þrjú megin málefni:

1. vinnubrögð og skipulag stjórnsýslunnar,
2. fjármagn og
3. stöðu sjálfboðaliðastarfs.

Vinnubrögð og skipulag stjórnsýslunnar

Vinnubrögð og skipulag stjórnsýslunnar voru einna mest rædd í þessum hluta spurningarinnar. Auka þarf vægi málaflokksins í ráðuneytinu, m.a. koma á sér skrifstofu, fjölga starfsmönnum í málaflokknum og að málaflokkurinn verði sýnilegri.

„Auka þarf vægi íþróttá- og æskulýðsmála innan mennta og menningarmálaráðuneytis.“

Fram kom að þátttakendur töldu skorta skilgreiningar á lykilhugtökum málaflokksins og jafnvel á málaflokknum sjálfum sem og stefnumótun til langs tíma. Mikilvægt er að ráðuneytið haldi áfram stuðningi sínum við rannsóknir um ungt fólk þar sem niðurstöður eru mikilvægar þáttur í stefnumótun í málaflokknum.

Fjármagn

Umræðan um fjármál var nokkuð fyrirferðamikil. Þátttakendur voru flestir sammála um að auka þyrfti fjármagn til málaflokksins til þess að mæta breyttum aðstæðum í samfélaginu. Rætt var um þann niðurskurð sem hefur orðið á framlögum hins opinbera og hvernig félög og samtök hafa brugðist við.

„Nú er tími til að læra af reynslu annarra landa sem skáru niður í æskulýðsmálum með skelfilegum afleiðingum.“

Ýmsar hugmyndir voru reifaðar t.d. breytingar á skattakerfinu sem gætu stuðlað að sterkara starfi frjálsra félagasamtaka og sjálfboðaliða innan þeirra. Þátttakendur voru sammála um að þegar um niðurskurð og hagræðingu væri að ræða mætti ekki bara tala um *markaðslausnir* heldur ætti umræðan að snúast um *félagslegar lausnir*.

Staða sjálfboðaliðastarfs

Íþróttá- og æskulýðsstarf byggir að verulegu leyti á starfi sjálfboðaliða og voru þátttakendur sammála um að meta og virða þyrfti sjálfboðaliðastarfið frekar. Ýmsar hugmyndir komu fram og miðuðu þær flestar að því að skapa sjálfboðaliðastarfinu aukinn sess í þjóðfélaginu.

Nefndur var möguleiki á að meta starfið sem óformlega menntun sem hægt væri að fá metna til frekara náms, slíkt gæti aukið áhuga fólks á að taka þátt.

„Meta þarf meira þau verðmæti sem liggja í sjálfbóðaliðastarfi í íþrótt- og æskulýðsgeiranum, í því starfi felast gríðarleg verðmæti.“

Áhersluatriði næstu 10 árin

Í íþrótt- og æskulýðsmálum komu fram nokkur áhersluatriði á öllum borðum sem tóku þetta málefni til umfjöllunar.

„Allir hafi auðveldan aðgang að íþrótt- og æskulýðsstarfi óháð efnahag.“

Fleiri stefnumótandi hugmyndir í þessa átt komu fram. Auk þess komu fram margar hugmyndir sem lúta að því að styrkja starfsemi íþrótt- og æskulýðsmála almennt.

Aðrir studdu þessa skoðun með því að bæta við hugmyndum um að efla þyrfti starfsemina frekar innan mennta- og menningarmálaráðuneytis og einnig þvert á ráðuneyti sem koma að málefnum barna og ungmenna að einhverju leyti.

Auka fjölbreytni og veita öllum tækifæri til að stunda íþróttir og tómstundir á sínu áhugasviði og þannig auka þverfaglegt samstarf. Styrkja starfsgrundvöll og frelsi frjálsra félagasamtaka, bæði rekstrargrundvöll og lagaumhverfi. Áframhaldandi rannsóknir í æskulýðsmálum og íþróttum. Efla þarf samvinnu milli landa m.a. með innflutningi viðburða.

Forvarnarþáttur íþrótt- og æskulýðsstarfs var dreginn fram af afli sem rökstuðningur fyrir frekari stuðningi hins opinbera. Áhersla á alhliða heilsuefningu á öllum skólastigum kom sterkt fram í framtíðarsýn þinggesta.

„Lengi býr að fyrstu gerð – byrja að virkja börn í leikskóla.“

Áherslur í menntun á sviði íþrótt- og æskulýðsmála

Umræðunni um áherslur í menntun á sviði íþrótt- og æskulýðsmála má skipta í fjögur meginefni:

1. gildi **menntunar** á sviði íþrótt- og æskulýðsmála,
2. **fjölbreytni**, bæði í námsframboði og í tómstundum,
3. vægi **óformlegrar menntunar** og þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi og
4. mikilvægi **rannsókna** á sviði íþrótt- og æskulýðsmála.

Menntun

Flestir þinggestir voru sammála um mikilvægi menntunar á sviði íþrótt- og æskulýðsmála. Þekking, fagmennska og rík siðferðisvitund voru talin vera lykilatriði í vinnu með börnum og ungmennum ásamt félagshæfni og leiðtogahæfileikum.

Umræðan snerist mikið um annars vegar menntun fagfólks og hins vegar þekkingu sjálfbóðaliða. Mörg störf innan þessa málaflokks krefjast þess að þau séu unnin af fagfólki og með því séu ákveðnir grunnþættir starfseminnar styrktir. Þekking og menntun sjálfbóðaliða er ekki síður mikilvæg og nauðsynlegt er að gera sjálfbóðaliðum kleift að afla sér frekari menntunar.

„Stórauka menntun þjálfara og leiðbeinenda: Gera hlutina rétt frá grunni og huga að andlegu hliðinni.“

Nefnt var sérstaklega að útgáfu námsefnis væri oft ábótavant og mikilvægt væri að tryggja framboð þess bæði fyrir fagfólk og sjálfboðaliða.

Fjölbreytni

Fjölbreytni í námsframboði á öllum skólastigum og í tómsundavali var af mörgum talin forsenda þess að barnið/unglingurinn fái að blómstra í sínu umhverfi. Þetta á líka við um fjölbreytni í menntun starfsfólks sem vinnur með börnum og unglingum. Fjölbreytni veitir einstaklingum val um að velja það sem hentar þeim best og eykur líkur á þátttöku í samfélaginu.

„Stuðla að stofnun lýðháskóla – gefur ungmennum tækifæri á annars konar menntun en boðið er upp á í framhaldsskólum.“

Allir fái tækifæri til að finna sinn stað og að þátttaka verði metin að verðleikum.

Óformleg menntun

Margir þinggesta á þessum borðum þekktu vel umræðuna um hinn svokallaða þriðja geira en hann samanstendur af samtökum og stofnunum sem starfa utan hins opinbera. Sjálfboðaliðastarfið er einkennandi fyrir þriðja geirann og gefur honum sérstöðu gagnvart opinbera- og einkageiranum. Þátttaka í þriðja geiranum gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu og veitir einstaklingum mikla þekkingu sem flokka má undir óformlega menntun. Þinggestir voru sammála um að óformleg menntun ætti að vera metin sem nám á skólastigi og sem reynsla á vinnumarkaði.

„Óformleg menntun sem fólk öðlast utan hins formlega skólakerfis er einstaklingnum og samfélaginu dýrmæt. Þar öðlast einstaklingurinn oft á tíðum sjálfstraust og viðsýni sem hið formlega skólakerfi getur ekki boðið upp á.“

Mikilvægi sjálfboðavitundar var rædd og nauðsyn þess að gera sjálfboðaliðastarfið sýnilegra og gefa sem flestum tækifæri til þess að taka þátt í því. Þinggestir voru sammála um að þátttaka í sjálfboðaliðastarfi bæti samfélagið og hjálpi einstaklingum að hugsa um sjálfan sig sem hluta af heildinni. Þinggestir voru sammála um að auka þyrfti fræðslu í hinu formlega skólakerfi um íþrótt-, æskulýðs- og tómsundastarf og styrkja faglega grunnþætti þess: Hvaða þýðingu það hefur að vera sjálfboðaliði, hvernig félagasamtök eru starfrækt og hvernig við getum verið hluti að íþrótt- og æskulýðsgeiranum.

„Það er skortur á skilningi á mikilvægi þess að félagasamtök séu ákveðinn atvinnugeiri sem lýtur að einhverju leyti öðrum lögmálum en einka- og opinberigeirinn.“

Rannsóknir

Gildi rannsókna á sviði íþrótt- og æskulýðsmála voru mörgum gesta hugleikin. Þinggestir voru sammála um að efla þyrfti rannsóknarþáttinn í íþrótt- og æskulýðsstarfi og að rannsóknaniðurstöður væru nauðsynlegar til þess að hjálpa okkur að bæta það kerfi sem við búum við. Einnig var rætt um mikilvægi æskulýðsrannsókna sem fyrirbyggjandi aðgerð og nauðsynlegan þátt í allri þróun í þessum málaflokki.

„Auknar rannsóknir á málefnum íþrótt- og æskulýðsmála í námi á háskólastigi.“

Rannsóknir á sviði íþróttá- og æskulýðsmála töldu margir mikilvæga með tengingu við háskólasamfélagið og einnig myndu þær styrkja nám á þessu sviði.

Listir

Núverandi staða í stjórnsýslu hins opinbera í menningarmálum varðandi listir. Hvað ætti að standa vörð um?

Umræðum um þessa spurningu má skipta upp í þrjú megin málefni:

1. **hagsmuni** sem þarf að standa vörð um,
2. ákveðið **verklag** sem þarf að gæta að og
3. ákveðin **verkefni** sem þarf að tryggja að haldi áfram.

Hagsmunir

Þeir hagsmunir sem þarf að standa vörð um tengjast listamönnum s.s. í gegnum styrkjakerfi og starfslaun svo og starf þeirra í menningarstofnunum og í annarri opinberri menningarstarfsemi. Einnig þarf að standa vörð um hagsmuni sem lúta að menntun. En jafnframt þarf að gæta að sjálfstæði listamanna og möguleikum þeirra til frjálsrar listsköpunar. Þar bentu sumir á mikilvægi grasrótarinnar þar sem vaxtarbroddar menningar skjóta rötum, og að slíkur stuðningur sé sveigjanlegur og opinn fyrir nýjungum.

„Halda í að styrkja minni hópa og grasrót til að byggja áfram upp frumkvæði og fjölbreytni. Slíkir styrkir mega vera tímabundnir - slíkir hópar mega stundum deyja.“

Verklag

Umræðan snerist mikið um verklag og aðferðir stjórnsýslunnar. Á flestum borðum komu fram ábendingar um að standa þyrfti vörð um faglegt verklag í sambandi við styrkveitingar til einstaklinga og stofnana. Verklagið þarf að vera opið og gegnsætt með aðkomu fagaðila ekki aðeins við úthlutun styrkja heldur einnig við stefnumótun. Þá þyrfti að draga úr beinni aðkomu Alþingis, fjárlaganefndar og þingmanna að úthlutunum styrkja.

„Styrkjakerfið finnst mér gott við fyrstu sýn og gefa flestum/öllum möguleika til að sækja sér styrki. Tel að þurfi að endurskoða að hluta styrkjakerfið. Hætta styrkjum í gegnum fjárlaganefnd og færa í t.d. menningarsamninga.“

Fram komu ýmsar ábendingar um verklag hjá opinberum aðilum sem þyrfti að huga að og sem skarast við ábendingar um hvað mætti betur fara og lýst er í næsta kafla. Stefnumótun í menningarmálum þarf að vera skýr og til langs tíma, t.d. með rammastefnu til 10 ára. Í þessu skyni var bent á gagnsemi þess að gera yfirlit yfir fyrirliggjandi lög og reglugerðir sem liggja stefnumótun til grundvallar til að gera menningarstefnuna skýrari. Regluverkið mætti vera einfaldara og það þyrfti að stokka upp í styrkjakerfinu.

„Það skal standa vörð um þá „stefnu“ sem búið er að marka. Hún er góð og gild, en það þarf að framfylgja henni betur. Þetta er allt saman mjög flott á blaði og glærum en betur má ef duga skal. Sífelld endurskoðun er nauðsyn.“

Verkefni

Menningarsamningar sem gerðir hafa verið við landsvæði komu víða til umræðu og töldu flestir að þeir væru mikilvægir og að það ætti að halda í þá. Þá þyrftu sveitarfélög líka að bera virðingu fyrir þeirri vinnu sem listamenn um land allt vinna.

„Gífurlega mikilvægt er að halda í menningarsamninga sem gerðir hafa verið við landshlutana. – En þeir þurfa að vera í sífelltri endurskoðun. Gott ef samningar verði stundum lausir og möguleiki gefinn á að nýjar hugmyndir komist á framfæri og verði ekki of bundnir við ákveðnar listgreinar.“

Á nokkrum borðum komu einnig fram hugmyndir um mikilvægi alþjóðlegra tengsla, bæði fyrir stofnanir og listamenn. Tengslanet og möguleikar á samstarfi skipta þessa aðila miklu máli. Alþjóðleg tengsl skipta líka máli þegar kemur að menningartengdri ferðabjónustu.

Menntamálin voru áberandi í allri umræðu og það var greinilegt að þau voru í hugum þinggesta einn lykkillinn að því að standa vörð um menningarlífið í landinu.

„Mikilvægt að standa vörð um listaskóla í öllum listgreinum því að þar fer fram dýrmætt frumkvöðlastarf í listum og menningu.“

Ábendingar komu fram um hvað þyrfti að standa vörð um á hinum ýmsu skólastigum, en einnig mikilvægi þess að efla menningarvitund almennings í gegnum fræðslu og miðlun upplýsinga í gegnum fjölmiðla. Öflugt skapandi starf í skólum skilaði sér í hæfari einstaklingum og eflði frumkvöðlastarf í atvinnulífinu.

„Hlutverk listfræðslu, í merkingunni aukið listlæsi barna og almennings, á að skipa veigamikinn sess í framtíðarstefnu landsins. Sköpun er mannum eðlislæg. Með því að efla listfræðslu eflum við marga mikilvæga þætti svo sem samkennd, setja sig í spor annarra, víðsýni, umburðarlyndi, o.s.frv. Þetta eflir eiginleika sem eru mikilvægir í nútíma samfélagi.“

Núverandi staða í stjórnslu hins opinbera í menningarmálum varðandi listir. Hverju þarf að breyta?

Vinnubrögð og skipulag stjórnslunnar

Breyta þarf ímynd landsins og byggja hana frekar á menningu og skapandi atvinnugreinum. Tryggja þarf metnað og gæði í menningarstarfi, m.a. með því að setja íslenskt menningarlíf og listir í alþjóðlegt samhengi. Til að svo geti orðið þarf að líta á skapandi greinar sem fullgildar atvinnugreinar og eina af meginstöðum atvinnulífsins næstu 10-20 árin.

Eins og kom fram í umræðu um hvað þyrfti að standa vörð um, þá var mörgum umhugað um vinnubrögð og skipulag stjórnslunnar í kringum menningarmál. Áhersla er lögð á fagmennsku og gegnsæi í vinnubrögðum í stjórnslu, svo sem styrkúthlutunum, stefnumótun.

*„Skilgreina hlutverk mennta- og menningarmálaráðherra, t.d. standa vörð um menningu og listir, eða setja fram áætlanir um þróun atvinnuvegarins og tryggja stoðkerfi fyrir þá uppbyggingu.
Hlutverk stjórnvald:, mennta- og menningarmálaráðuneyti á að vera leiðbeinandi og frumkvöðull til eflingar menningar en ekki hlutlaust um stjórnun menningarmála.“*

Kallað var eftir skýrari verkaskiptingu innan stjórnsýslunnar og voru nokkrir möguleikar ræddir í því sambandi. Stungið var upp á stofnun listráðuneytis fyrir menningarmál og skapandi greinar, eða sjálfstæðu listráði undir mennta- og menningarmálaráðuneyti, eða fagráðum fyrir hverja listgrein. Sem dæmi um vinnubrögð var nefnt að láta úthlutun styrkja leiklistarráðs og styrkja til sviðslistahópa sem sækja um starfslaun fylgjast að.

Fræðslumál

Ýmsu þarf að breyta þegar kemur að fræðslumálum, bæði innan skólakerfisins og gagnvart almenningi. Á nokkrum borðum kom fram sú krafa að listnám á framhaldsskólastigi verði kostað af ríkinu eins og annað framhaldsnám og afnema beri þá „átthagafjötra“ sem nemendur í tónlistarnámi búa við, en þeir hafa litla möguleika á sækja tónlistarnám utan eigin sveitarfélags. Auk þess þarf að fjölga möguleikum þeirra sem stunda nám á framhaldsstigi til að bæta við sig menntun.

„Mikilvægt að þróa nám á 4. þrepi (háskóla/diplómanám) sem kemur til móts við áhuga og þörf ungs fólks á lista-, starfsgreina- og hönnunarnámi á framhaldsskólastigi.“

Listaháskóli Íslands er mikilvæg grunnstofnun sem má efla og jafnvel þarf að fjölga möguleikum til listnáms á háskólastigi, einkum á landsbyggðinni. Í því sambandi kom fram tillaga um alþjóðlegan sumarháskóla í listum. Listfræðsla á lægri skólastigum, leik- og grunnskóla, var víða til umræðu. Nokkrir nefndu að það þyrfti að leggja áherslu á gagnrýna hugsun um listir í námskránni með áherslu á heimspeki og listasögu og með því að efla sjálfstæða, gagnrýna hugsun. Varpað var fram þeirri hugmynd hvort börn ættu ekki að fá sérstaka menningarstofnun sem sinnti þörfum þeirra, Barnamenningarhús. Til að auka þekkingu almennings á menningarlífinu þá kom fram ábending um stafræna endurgerð menningarefnis sem væri gerð aðgengileg á netinu.

Ýmis verkefni

Ýmsar listgreinar áttu sína fylgismenn í umræðum s.s. kvikmyndagerð, dans, nýmiðlar, grasrótastarf í leiklist. Listdans á ekkert tryggt athvarf í sérstöku danshúsi og það skortir styrkari stofnanalegan ramma utan um dansmenningu í landinu. Á mörgum borðum var rætt um hlutskipti íslenskrar kvikmyndagerðar. Í því sambandi voru ræddar hugmyndir um miðstöð fyrir kvikmyndamenningu, s.s. listrænt kvikmyndahús.

Þótt fjölmiðlar og RÚV væru sérstaklega ræddir á öðrum borðum þá var í umræðum um listir samt sem áður ítrekað mikilvægi fjölmiðla fyrir íslenskt menningarlíf og þar þyrfti ýmsu að breyta, t.d. í áherslum RÚV. Skilgreina þyrfti RÚV sem menningarstofnun frekar en fréttá- og afþreyingarmiðil. Tekist var á um nokkuð þversagnakenndar kröfur, annars vegar um sjálfstæði menningarstofnana og hins vegar opinbera stýringu.

„Tryggja þarf ákveðið hlutfall íslenskrar tónlistar í útvarpsstöðvum, sbr. Frakkland þar sem lögskipað hlutfall er 40-50%.“

Tengsl íslenskrar menningar við alþjóðasamfélagið var einnig til umræðu. Hið opinbera þarf að beita sér fyrir samþættingu menningar og ferðamála. Í því sambandi var nefnt að iðnaðarráðuneyti þyrfti að vera með í ráðum og hugmynd kom fram um miðlæga skrifstofu sem kæmi að alþjóðlegum samskiptum.

„Alþjóðlegt samstarf verði eft til muna og tryggja aukið fjármagn til góðra hluta sem þegar eru hafnir eins og Feneyjatvíæringurinn.“

Nokkrar hugmyndir voru reifaðar í fjármálum. Nefndur var möguleiki á svokölluðu hringrásarfjármagni sem væri ætlað til menningarverkefna, t.d. í gegnum lánasjóði til langs tíma. Ein af þeim leiðum sem var nefnd til breytinga var að skoða nánar skattaumhverfi menningargeirans.

„Efla sjálfsprottna menningarstefnu með t.d. möguleikum á skattaafslætti eða með því að afnema virðisaukaskatt.“

„Fella niður virðisaukaskatt af öllum listum ekki bara sumum upp að vissu „frítekjumarki“, t.d. 7 milljónir á mann.“

En það þyrfti líka að gera breytingar á starfsumhverfi einyrkja í skapandi greinum. Þeir nyttu sambærilegra réttinda við aðra á vinnumarkaði og væru ekki eins berskjaldaðir, t.d. þegar kemur að atvinnuleysis- og sjúkrabótum.

Hvatt var til meiri rannsókna í menningarmálum og hagrænum áhrifum þeirra í atvinnulífinu. Þekking á skapandi greinum sem hluta af atvinnulífinu væri ekki nógu mikil.

„Efla þarf faglega og fræðilega umræðu á listasviðinu, þ.m.t. rannsóknir. Það ættu að vera öflugar rannsóknardeildir við skrifstofu menningarmála bæði ríkis og borgar. Söfnin verða að fá fjármagn til að stunda rannsóknir líka.“

Sumir bentu á að við gætum lært af erlendum fyrirmyndum, t.d. hvernig Finnar hefðu leitað til listamanna og hönnuða eftir nýjum hugmyndum í atvinnumálum þegar þeirra efnahagslíf var í lægð á tíunda áratugnum. Bretar hafa byggt upp aðstöðu, svo sem vinnuaðstöðu, smiðjur og sýningarrými inni í opinberum menningarstofnunum fyrir ungt listafólk í ýmsum listgreinum til að hlúa að grasrótinni. Í Danmörku hefur menningarmálaráðuneytið tekið frumkvæði að átaki í menningarmálum.

Ef allt um þrýtur þá má grípa til þess ráðs að stofna til *Dags án lista* þar sem allir listamenn legðu niður vinnu og engir viðburðir væru í boði né menningarefni í fjölmiðlum. Þannig mætti leggja áherslu á og vekja fólk til vitundar um mikilvægi lista í samfélaginu.

Áhersluatriði næstu 10 árin:

Til að draga saman umræðuna um framtíðarsýn í umræðuhópum um listir má draga saman helstu áhersluatriði í eftirfarandi málefnaflokkum:

- Fræðslumál, menningarlegt uppeldi og barnamenning.
- Ímynd landsins sem menningarlands með skapandi greinar sem einn af grunnatvinnuvegunum.
- Fagleg stjórnslásla og markviss stefnumótun.
- Grasrótastarfsemi í listum, frumkvöðlaandi og nýsköpun.
- Alþjóðleg tengsl og menningartengd ferðaþjónusta.

Hlutverk listfræðslu í framtíðarstefnu í listum

Í umræðum um fyrri spurningar hafði þegar komið fram rík áhersla á þýðingu listfræðslu og menningarlegs uppeldis fyrir alla, frá leikskóla til fullorðinsára. Auk þess sem þegar hefur

komið fram þá má bæta við nokkrum atriðum. Umræðum má skipta í þrjú meginmálefni: þá almennu þýðingu sem listfræðsla hefur fyrir nám og þroska barna og ungmenna, hlutverk listfræðslu í skólakerfinu og listfræðslu í samfélaginu með aðkomu hins opinbera.

Almennur þroski

Á öllum borðum var samhljómur um mikilvægi listfræðslu og þýðingu hennar fyrir þroska barna og ungmenna. Bæði vegna þeirra áhrifa sem listfræðsla getur haft á andlegan þroska, lífsviðhorf og samskipti við aðra, en einnig mikilvægi þess að kynnast listum, læra að meta þær og tileinka sér þær. Allir hafi skapandi neista í sér sem verði að fá að njóta sín. Þetta tengist ekki aðeins framtíðarstefnu í listum heldur einnig í atvinnumálum almennt eins og einn þinggestur orðaði það.

„Við þurfum að búa til umhverfi sem kennir frumkvæði, sjálfstæða hugsun og gefa ungu fólki þau „andlegu“ verkfæri sem þarf til að hugsa vítt og sjá tækifæri alls staðar. Skapandi einstaklinga.“

Annar þinggestur gekk enn lengra og fullyrti að listfræðsla væri forsenda framfara.

„Listfræðsla er forsenda framþróunar samfélagsins. Þjálfun í skapandi færni gerir okkur kleift að líta út fyrir viðtekna ramma (sprengja þá upp), setja spurningamerki við ráðandi orðræðu, og setja fram nýja sýn á hlutina, koma fram með nýja möguleika ... samfélaginu til heilla.“

Skólastarf

Þinginu var ekki beinlínis ætlað að koma fram með hugmyndir um skólastarf, en það var greinilegt að margir höfðu hugsað um innviði skólastarfs og listfræðsluna þar. Enda hafa margir listamenn reynt af því að starfa innan skóla og menningarstofnanir eru víða í samstarfi við skóla um fræðslu. Rætt var um mikilvægi þessa samstarfs og að það sé sem fjölbreyttast, börn fái tækifæri til að heimsækja menningarstofnanir, og listamenn og listahópar séu fengnir til að koma inn í skólana.

„Ofuráhersla hefur verið lögð á „hagnýtar“ greinar – efla þarf og stuðla að aðgengi að listnámi, þannig nýtist kraftur allra landsmanna.“

Listfræðsla fer víða fram utan skólanna og huga þarf að fræðslustarfi menningarstofnana, enda gegna þær mikilvægu hlutverki í listfræðslu bæði fyrir skólabörn og almenning.

„Efla fræðsludeildir menningarstofnana. Fræðslan verði sýnilegri. Aukið samstarf menningarstofnana og skóla á öllum skólastigum og við landsbyggðina.“

Ekki má gleyma þeim börnum sem skara fram úr t.d. í tónlistarnámi og sem stefna á framhaldsnám í sinni grein. Það þurfa að vera úrræði og leiðir fyrir börn sem skara fram úr. Ein hugmynd sem kom fram í þessu sambandi var að hafa móðurskóla í listum í hverjum landshluta þar sem

„nemendur efri bekkja grunnskóla geti farið úr hverfisskóla í 8. bekk og í móðurskólann í listum. Fært sig og flutt á milli skóla eftir áhugasviði.“

Öflugt háskólanám er lykill að metnaðarfullu menningarlífi. Lýst var áhyggjum af því að háskólanám og rannsóknir á sviði lista fái ekki nægilega mikið vægi. Listaháskólinn stendur höllum fæti og listir og listransóknir vanræktar í öðrum háskólum.

Listfræðsla í samfélaginu og hlutverk hins opinbera

Sumir þátttakendur óttuðust að listir njóti ekki sannmælis og séu ekki álitnar hagstærðir í atvinnulífi landsmanna. Og þetta megi að hluta til skýra með skilningsleysi og vankunnáttu. Listir þurfa að njóta meiri virðingar í samfélaginu. Listfræðsla er því ekki aðeins mikilvæg fyrir skólakerfið heldur samfélagið í heild, ekki aðeins til að auka þekkingu á listum heldur öllu samfélaginu til heilla.

„Listfræðslan á að miða að því að menningarvitund samfélagsins eflist, vegna þess að við þurfum á andlegri (endur)reisn að halda.“

Listfræðslan getur gegnt því hlutverki að efla samkennd með þjóðinni.

„Að nýta listfræðslu til að sameina ólík þjóðerni eða þjóðfélagshópa. Eyða fordómum. Með listsköpun opnum við fyrir mismunandi sýn ólíkra hópa á samfélagið sem takmarkast ekki við tungumál eða þjóðfélagsstöðu.“

Fjölmiðlar gegna líka mikilvægu fræðsluhlutverki og enn á ný er minnt á hlutverk RÚV.

„Listfræðslu inn á RÚV. Að krefja RÚV um að það standi við samninga og fari að sinna uppfærðslu á sviði lista og menningar í auknum mæli í sjónvarpi og útvarpi og geri þeim jafnt hátt undir höfði og íþróttum, þar sem tölur sýna að listneytendur eru fleiri en þeir sem njóta íþróttanna.“

Söfn og menningararfur

Núverandi staða í stjórnarsýslu hins opinbera í menningarmálum varðandi söfn og verndun menningararfsins. Hvað ætti að standa vörð um?

Umræðunni um þessa spurningu má skipta upp í þrjú megin málefni:

1. **fjármagn**, menningarsamninga og sjóði,
2. **menningarstofnanir**, sjálfstæði þeirra og fjölbreytileika og
3. **lög og stefnumótun** í málaflokknum.

Fjármagn

Umræðan um fjármagn snérist að mörgu leyti um að standa vörð um þá fjárveitingu sem fyrir er. Mikilvægi menningarsamninga og sjóða var mörgum hugleikið og leiðir til þess að stuðla að faglegri úthlutun í þessum málaflokki. Stuðningur við höfuðsöfn og að efla menningarstofnanir sem fyrir eru töldu þinggestir einnig mikilvægt að standa vörð um.

„Styrkja hina faglegu sjóði, s.s. safnasjóð og húsafriðunarsjóð á kostnað beinna framlaga frá fjárlaganefnd.“

Menningarstofnanir

Sjálfstæði menningarstofnana og styrk þeirra töldu margir þinggesta skapa mikilvægan stöðugleika í málaflokknum. Sjálfstæði þeirra er mikilvægt fyrir framþróun þeirra og framtíð. Fjölbreytni er nauðsynleg en standa þarf vörð um það sem er til staðar og hlúa að þeim innviðum sem er að finna í helstu menningarstofnunum þjóðarinnar.

„Standa vörð um skýra stefnumörkun um verndun menningararfs byggða á lagastoð.“

Lög og stefnumótun

Fram komu ýmsar ábendingar varðandi lagasetningu í málaflokknum, skiptar skoðanir voru um hvort halda ætti í núverandi lagaumgjörð eða að breyta henni verulega. Þinggestir kölluðu margir eftir skýrari stefnumótun, sérstaklega í ljósi niðurskurðar. Einnig var nokkuð rætt um mikilvægi þess að skilgreina lykilhugtök málaflokksins eins og t.d. menningararfinn betur en gert er í núverandi lögum.

Núverandi staða í stjórnýslu hins opinbera í menningarmálum varðandi söfn og verndun menningararfsins. Hverju þarf að breyta:

1. Aðgengi
2. Nýsköpun
3. Samvinna og heildarsýn
4. Stefnumótun og lagaumgjörð

Aðgengi

Fram kom meðal þinggesta að mikilvægt væri að tryggja almennt aðgengi að menningararfi þjóðarinnar með sem víðtækustum hætti, m.a. með nýtingu sem flestra þeirra möguleika sem ný tækni og miðlunarkostir gefa færi á. Með slíku aðgengi verður mögulegt að njóta menningararfsins á öllum sviðum, ekki einungis á staðbundnum söfnum eða setrum, heldur einnig á eigin forsendum t.d. á netinu, í skólastarfi, fræðastarfi o.s.frv. Um leið þarf að tryggja að slíkt aðgengi jafni aðstöðu allra þjóðfélagshópa til að njóta menningararfsins, m.a. fatlaðra, nýbúa og þeirra sem búa fjarri viðkomandi menningarstofnunum.

„Það þarf að auka aðgengi almennings að því sem geymt er í hans þágu og á hans kostnað.“

Nýsköpun

Þinggestir töldu að endurskoða þyrfti hefðbundna framsetningu fróðleiks um menningararfinn, m.a. með nýtingu gagnvirkra fræðslumiðla, tilvísana í samtímaþróun og nýtingu hans við nýsköpun m.a. á sviði hönnunar, framleiðslu, náttúruverndar og ferðaþjónustu. Með frumkvæði og nýsköpun getur menningararfurinn orðið mikilvægur þáttur í atvinnusköpun til framtíðar ekki síður en vitnisburður um liðna tíð.

„Menningararfurinn er uppspretta frekari sköpunar.“

Samvinna og heildarsýn

Fram kom sú skoðun að varðveisla menningararfsins væri við núverandi aðstæður um of sundurgreind og hólfaskipt hér á landi og stefna bæri markvisst að því að efla samstarf þeirra sem starfa á þessu sviði m.a. með sameiningu stofnana og starfssviða, bæði svæðisbundið og á landsvísu. Löggiöf, stefnumótun og styrkveitingar þurfa að fela í sér hvata til slíkra breytinga sem séu öllum til hagsbóta. Jafnframt þarf að tryggja aðkomu almennra borgara að stefnumótun á þessu sviði til að undirstrika að menningararfurinn er okkar allra.

„Hugsa um landið sem eina heild, mikilvægt er að menningararfur sé ekki skilgreindur á of þröngum forsendum.“

Stefnumótun og lagaumgjörð

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að hraða beri endurskoðun núverandi laga um varðveislu menningararfsins og stjórnarsýslu á því sviði, og að í þeirri endurskoðun felist stefnumótun sem leggi áherslu á verndun menningararfsins fyrir komandi kynslóðir en ekki endilega núverandi stjórnarsýslu í málaflokknum. Við stefnumótun þarf að hafa langtímasjónarmið og heildarhagsmuni að leiðarljósi, þannig að komandi kynslóðir fái notið menningararfsins við bestu hugsanlegu aðstæður.

„Skilgreina þarf hvað menningararfur er.“

Áhersluatriði næstu 10 árin:

1. Aðgengi að menningarfinum.
2. Aukin samvinna.
3. Menningar- og náttúruarfur sem virkur þáttur þjóðlífsins

Aðgengi að menningarfinum.

Stefna ber að því að leyst verði sem flest þau vandamál sem nú standa í vegi fyrir því að allir fái notið íslensks menningararfs með sem fjölbreyttustum hætti. Til að svo megi verða þarf að leysa ýmis vandamál, m.a. um sameiginlega skráningu í aðgengilega gagnagrunna, um greiðslur vegna höfundaréttar samkvæmt lögum, um varðveislu minja af öllu tagi við kjöraðstæður og sinna rannsóknum til að opna menningarsöguna eftir því sem kostur er. Gera ætti framkvæmdaáætlanir til að fylgja eftir verkefnum á þessu sviði.

„Aðgengi að minjum bætt svo hægt sé að nýta til ánægju fyrir Íslendinga og aðra.“

Aukin samvinna

Stefna ber að aukinni samvinnu allra sem koma að varðveislu á, fræðslu um og nýtingu menningar- og náttúruarfsins í þágu samfélagsins. Hér er vísað til faglegrar samvinnu stofnana um sértæk verkefni, s.s. varðveislu, skráningu, rannsóknir og miðlun ásamt þverfaglegrar samvinnu stofnana, áhugamanna og ferðapjónustu í kynningar- og markaðsmálum, s.s. við útgáfu fræðslu- og kynningarefnis, námskeiðahald og markaðssetningu.

„Efla þarf samnýtingu, bæði þekkingar, reynslu og húsnaðis safna og hvetja til tenginga atvinnulífs og safnastafsemi.“

Menningar- og náttúruarfur sem virkur þáttur þjóðlífsins

Rjúfa þarf einangrun menningararfsins frá almennu þjóðlífi með því að tryggja aukna fræðslu og miðlun um gildi hans sem undirstöðu samfélagsins og grundvöll þróunar þess til framtíðar. Líta þarf á menningar- og náttúruarf landsins sem eina heild og gæta varúðar við umgengni og nýtingu þessarar auðlindar. Tryggja þarf að sá auður sem býr í þessum arfi verði nýttur með þeim hætti að ekki hljóttist skaði af í nútíð eða til framtíðar.

„Fagmennska í forgrunni. Styrkja nýsköpun í safnastarfi.“

Áherslur í menntun á sviði menningararfs og safna

Á þinginu kom fram mikill áhugi á að efla fræðslu og kennslu um menningararfinn á öllum sviðum. Rætt var um nauðsyn þess að auka fræðslu til almennings með öllum mögulegum hætti, tryggja aukna möguleika starfsfólks á þessu sviði til menntunar, sem m.a. byggði á eflingu kennslu og rannsókna á háskólastigi.

„Fagmennska – ekkert fúsk!“

Lokaorð

Eins og fram kemur í skýrslunni hér á undan voru hugmyndir þátttakenda á ráðstefnunni og ábendingar um hina ýmsu þætti menningarmála og stefnumótunar í málaflokknum víðtækar og fjölbreyttar. Athyglisvert er að sjá hversu mikilvæg tengsl menntunar og menningarmála eru hjá mörgum þátttakenda, hér er sérstaklega vert að benda á þann hluta ráðstefnunnar sem fjallaði um listir. Tengsl listmenntunar og stefnumótunar á sviði menningarmála virðast vera mjög mörgum hugleikin og er skýr ábending um að taka verði tillit til þessara tengsla í áframhaldandi vinnu við stefnumótun í menningarmálum.

Ekki er ætlunin í þessum lokaorðum að vera með víðtæka túlkun á þeirri greiningu sem gerð var í þessari skýrslu. Eins og kom fram í inngangsorðum er greiningin einungis gróf flokkun á þeim efnisatriðum sem fram komu hjá þátttakendum og nær skýrslan ekki að endurspegla þá sköpun og hugmyndaauðgi sem fram kom á ráðstefnunni. Í áframhaldandi vinnu við menningarstefnuna mun hins vegar bæði verða tekið tillit til ofangreindra efnisatriða svo og þeirra umræðna og hugarflæðis sem fram fór og sem starfsmenn ráðuneytisins tóku þátt í.

Næstu skref í gerð menningarstefnu er tillögugerð um hvernig hin formlega stefna verður lögð fram og hvaða þætti hún á að innihalda. Ætlunin er að stefnan verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu og standa vonir til að það verði hægt á næsta löggjafarþingi.

Að lokum skal öllum þeim sem þátt tóku í ráðstefnunni færðar bestu þakkir fyrir að hafa ausið úr brunni hugmynda sinna og komið með mikilvægt innlegg í þessa vinnu. Sú sköpun og hugmyndaauðgi sem fram kom á ráðstefnunni, ásamt þeirri miklu þekkingu og reynslu sem þátttakendur bjuggu yfir í menningarmálum, eru ómetanlegt vegarnesti við áframhaldandi vinnu við gerð menningarstefnu.